



## FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 1. fundur stjórnar KLÍ 2008 – 2009
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Mánudaginn 19. maí 2008 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður  
Árni Geir Ómarsson (ÁGÓ)  
Halldóra Í. Ingvarsdóttir (HI) (fráfarandi stjórnarmaður)  
Valgeir Guðbjartsson (VG)  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP)  
Guðmundur Sigurðsson (GS) Varamaður  
Þórhallur Hálfðánarson (ÞH) (fráfarandi formaður)  
Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ)
- Boðuð forföll:** Helga Sigurðardóttir (HS) Varamaður  
Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Varamaður

**Fjarverandi:**  
**Fundarritari:** Árni Geir Ómarsson

**Helstu mál:** Skipun stjórnar, nefnda og skipulag næsta tímabils.

## Dagskrá fundarins:

### 1. Skipun stjórnar

Formaður lagði til verkaskiptingu á stjórn og var hún samþykkt eftirfarandi

- Varaformaður ÞMP
- Gjaldkeri VG
- Ritari HIJ
- Meðstjórnandi AGO.

### 2. Undirbúningur næsta tímabils.

Skráningarfrestur liða framlengdur til 1. júní. ÞH vinnur í forskráðum eyðublöðum til skráningar. Umræður um að halda skuli tíma varðandi skráningarfresti þetta árið. 31. júlí síðasti skráningarfrestur nýrra liða. Rætt um að breyta hugsanlega tímasetningum á úrslitum í deildum og öðrum stærri mótum til að allt endi ekki á sama tíma. Rætt um hugsanlegar breytingar á deildarbikar til að auka þátttökuna í því móti.

### 3. Tölvumál.

ÞH þónokkuð einráður og fáir færir til að taka við af honum. ÞH mun halda áfram vinnu við að gera kerfin einfaldari og aðgengilegri til að „ólærðari“ menn geti slegið inn skor og haldið utan um meðaltal og aðra statistic. ÞH mun áfram halda áfram utanumhaldi og þróun á kerfum sambandsins og skrifa kerfi ofan á deildarkerfið til að halda utan um fleiri mót. ÞH mun einnig breyta pósthöngum til að ný stjórn fái póst. ÞI mun taka að sér að slá inn skor úr úrslitakeppnum og skor úr mótum síðastliðinna vikna.

### 4. Nefndir

Landsliðsnefnd mun starfa óbreytt fram yfir ECI í október. Rætt var að landsliðsnefnd myndi væntanlega taka inn nýtt fólk til að losa e-ð af þeim stjórnarmönnum sem sitja þar nú til að taka við eftir ECI. **Mótanefnd.** GS mun taka sæti stjórnar (væntanlega formennsku) í nefndinni. ÞI mun senda út beiðni á félögin að skipa allavegana einn til tvo úr hverju félagi til setu í mótanefnd. **Tækninefnd** mun að öllum líkindum starfa óbreytt. ÁGÓ formaður. **Unglinganefnd** mun einnig starfa óbreytt. ÞMP formaður. **Upplýsinganefnd**, Helga Sig tengiliður stjórnar og mun væntanlega sitja þar með ÞH.

**Fundi slitið 18:57**

Næsti fundur 28/5 2008